

**Nd.**

**187. Nefndarálit**

[95. mál]

um frv. til laga um tilkynningar aðsetursskipta.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað málið og mælir með, að það verði samþykkt með nokkurri breytingu á 17. gr. frv., sem Hagstofa Íslands hefur óskað eftir, að gerð yrði á greininni.

#### BREYTINGARTILLAGA.

Við 17. gr. Greinina skal orða svo:

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum, 50—1000 kr., nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum. Sektarféð skal renna í sveitarsjóð þess sveitarfélags, þar sem brotlegur aðili er tilkynningarskyldur. Fara skal með mál út af slíkum brotum að hætti opinberra mála, nema kæra falli niður, sbr. 2. málsg. þessarar greinar.

Sveitarstjórnnum er heimilt að taka tilboði brotlegs aðila um greiðslu hæfilegrar sektar innan þess hámarks og lágmarks sektar, sem um ræðir í 1. málsg. Skal þá kæra falla niður, enda sé greiðsla sektarfjárins innt af hendi tafarlaust.

Alþingi, 6. nóv. 1952.

Jörundur Brynjólfsson,  
form., frsm.

Jóhann Hafstein,  
fundaskr.

Jónas G. Rafnar.

Emil Jónsson.

Áki Jakobsson.